



Framboð til stjórnarsetu
Aðalfundur Vátryggingafélags Íslands hf.
22. mars 2018

Neðangreindir einstaklingar hafa boðið sig fram til stjórnarsetu í Vátryggingafélagi Íslands hf.

Framboð til stjórnar:

Gestur Breiðfjörð Gestsson

Gestur tók sæti í stjórn VÍS í mars 2017. Hann hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Fæðingarár: 1975

Menntun: Stúdentspróf frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ.

Aðalstarf: Framkvæmdastjóri Sparnaðar ehf.

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri og stofnandi ýmissa félaga, s.s. Sparnaðar ehf. og Premium ehf. Hefur starfað við vátrygginga- og lífeyrisstarfsemi frá árinu 1999 til dagsins í dag.

Önnur stjórnarseta: Premium ehf. (stjórnarformaður), Óskabein ehf. (stjórnarformaður), Sparnaður ehf. (meðstjórnandi), Garðatorg 7 ehf. (stjórnarmaður), Geda ehf. (stjórnarmaður) og Mobile consulting ehf. (varamaður).

Hlutfjáreign í VÍS og óháði: Félagið Óskabein ehf., sem Gestur á 46,51% hlut í, á um 2,03% hlut í VÍS. Auk þess hefur félagið Óskabein ehf. gert framvirkan samning um kaup á 90.000.000 hlutum í VÍS. Samningurinn er á gjalddaga 8. júní 2018. Gestur telst óháður VÍS.

Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Helga Hlín Hákonardóttir

Helga Hlín hefur setið í stjórn VÍS frá apríl 2016 og er varaformaður stjórnar félagsins. Hún hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Fæðingarár: 1972

Menntun: Cand. Jur. í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1997 og fékk héraðsdómslögmannsréttindi 2003. Próf í verðbréfavíðskiptum frá árinu 2001.

Aðalstarf: Lögmaður og ráðgjafi hjá Strategíu ehf.

Starfsreynsla: Lögfræði- og lögmannsstörf á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum frá 1996-2011, sjálfstætt starfandi lögmaður og ráðgjafi frá 2011 hjá Lixia lögmannsstofu og meðeigandi og ráðgjafi hjá Strategíu frá 2014.

Önnur stjórnarseta: Festi hf. (meðstjórnandi), Krónan ehf. (meðstjórnandi), Strategía ehf. (stjórnarformaður), Lixia 1 ehf. (stjórnarmaður), Wow air ehf. (meðstjórnandi), Greiðsluveitan ehf. (meðstjórnandi), Meniga Ltd. (Non-Executive Director), CFA ehf. (meðstjórnandi) og Líftryggingafélag Íslands hf. (varamaður).

Hlutfjáreign í VÍS og óháði: Helga á enga hluti í VÍS og telst óháð félaginu.

Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Jón Sigurðsson

Fæðingarár: 1974

Menntun: Embættispróf í lögfræði (cand. jur.) frá Háskóla Íslands 2000, LL.M. í Evrópurétti frá University of Leicester, Englandi 2008, málflytningaréttindi fyrir héraðsdómi 2001, málflytningaréttindi fyrir Hæstarétti Íslands 2007, próf í verðbréfavíðskiptum 2009. Stóðst hæfismat Fjármálaeftirlitsins sem stjórnarmaður í fjármálaframtækni 2014.

Aðalstarf: Lögmaður

Starfsreynsla: Sjálfstætt starfandi lögmaður frá 2009, lögmaður hjá Straumi fjárfestingabanka 2007-2009, lögmaður hjá Juris lögmannsstofu 2000-2007 og blaðamaður á Morgunblaðinu 2000.

Stjórnarseta: JS lögmannsstofa ehf. (stjórnarmaður).

Hlutfjáreign í VÍS og óháði: Jón á enga hluti í VÍS og telst óháður félaginu.

Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir

Svanhildur tók sæti í stjórn VÍS í mars 2017 og er stjórnarformaður félagsins. Hún hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Fæðingarár: 1977

Menntun: B.Sc. próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1999 og M.S. í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði frá Háskóla Íslands 2003 (skiptinám við Copenhagen Business School). Svanhildur er með próf í verðbréfamiðlun frá árinu 2001.

Aðalstarf: Fjárfestir

Starfsreynsla: Eigin fjárfestingar frá 2007 til dagsins í dag, framkvæmdastjóri fjárfestingar Straums fjárfestingarbanka 2005-2007, forstöðumaður fjármögnunar hjá Kaupþingi 2002-2005, forstöðumaður netviðskipta Íslandsbanka FBA 2000-2002, sérfræðingur í markaðsviðskiptum hjá Fjárfestingabanka atvinnulífsins 1999-2000.

Önnur stjórnarseta: K2B fjárfestingar ehf. (stjórnarmaður), Hedda eignarhaldsfélag ehf. (varamaður), BBL II ehf. (meðstjórnandi), Ígló ehf. (stjórnarformaður).

Hlutfjáreign í VÍS og óháði: Svanhildur á ásamt eiginmanni sínum Guðmundi um 6,98% hlut í VÍS gegnum K2B fjárfestingar ehf. og Heddu eignarhaldsfélag ehf. Svanhildur telst óháð VÍS.

Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Valdimar Svavarsson

Valdimar tók sæti í stjórn VÍS í mars 2017. Hann hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Fæðingarár: 1968

Menntun: B.A. í hagfræði. Próf í verðbréfavíðskiptum frá árinu 1998. Registered Person Exam SFA London 2001 (sambærilegt við próf í verðbréfamíðlun). Ýmis fagtengd námskeið og fyrirlestrar bæði hér á landi, í London, Lúxemborg og víðar í fjármálum, stjórnun, markaðsmálum o.fl.

Aðalstarf: Fjárfestingar og fjárfestingarumsjón. Framkvæmdastjóri Civitas ehf., Fjárfestingarfélagins Hlíðar ehf. og NH eigna ehf.

Starfsreynsla: Forstöðumaður viðskiptaþróunar og sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf hjá Virðingu hf. 2011-2017, framkvæmdastjóri rekstrarfélags Virðingar hf. 2010-2011, framkvæmdastjóri Quantum Consulting 2008-2010, forstöðumaður hjá VBS fjárfestingabanka 2004-2007, forstöðumaður einkabankaþjónustu Heritable Bank 2001-2003.

Önnur stjórnarseta: Fjárfestingarélagið Solace ehf. (stjórnarmaður), Solace slf. (stjórnarmaður), Civitas ehf.(stjórnarmaður), og Kjölfesta slhf. (meðstjórnandi).

Hlutafjäreign í VÍS og óháði: Valdimar á enga hluti í VÍS og telst óháður félaginu.

Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Framboð til varastjórnarsetu:

Ólöf Hildur Pálsdóttir

Fæðingarár: 1977

Menntun: Viðskiptafræðingur Cand. Oecon. frá Háskóla Íslands 2000.

Aðalstarf: Sjálfstætt starfandi

Starfsreynsla: Sviðsstjóri viðskiptaumsjónar hjá Arion banka (2017), forstöðumaður á fyrirtækjasviði Arion (2013-2017), seta í lánanefndum Arion (2011-2017) og ALCO (2016-2017), viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði Arion (2009-2013), Deputy Head of Investor Relations, Kaupþing banki (2006-2008), eignastýring og sjóðsstjóri Kaupþing Bank Luxembourg (2004-2006), Kaupþing banki (2000-2004).

Stjórnarseta: Reginn hf. (meðstjórnandi).

Hlutafjäreign í VÍS og óháði: Ólöf á enga hluti í VÍS og telst óháð félaginu.

Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Sveinn Friðrik Sveinsson

Fæðingarár: 1974

Menntun: B.Sc. próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, löggilding í verðbréfamiðlun frá HR.

Aðalstarf: Fjármálastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS)

Starfsreynsla: Fjármálastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi frá 2017, fjármálastjóri Bílanausts 2014-2017, forstöðumaður markaðsviðskipta hjá Virðingu 2011-2014, verðbréfamiðlun hjá Saga fjárfestingabanka 2010-2011, forstöðumaður fjárstýringar hjá Straumi fjárfestingabanka 2006-2009 og forstöðumaður netviðskipta Íslandsbanka 2000-2006.

Stjórnarseta: Engin

Hlutafjäreign í VÍS og óháði: Sveinn á enga hluti í VÍS og telst óháður félaginu.

Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Samkvæmt samþykktum félagsins skipa fimm aðilar stjórn þess og tveir til vara.